



Fundargerð

328. fundur fræðsluráðs Reykjaneshæjar, haldinn að <sup>Skólavegi 1</sup> ~~Tjarnargötu 12~~

6. desember 2019, kl. 08:15

Viðstaddir: Valgerður Björk Pálsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir, Anna Sigríður Jóhannesdóttir, Íris Ósk Kristjánsdóttir.

Bryndís Björg Guðmundsdóttir fulltrúi skólastjóra grunnskóla, Silja Konráðsdóttir fulltrúi grunnskólakennara, Hanna Málmfríður Harðardóttir fulltrúi leikskólastjóra, Anna Lydía Helgadóttir fulltrúi leikskólakennara.

Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðsluviðs, Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi, Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

## 1. Skýrsla starfshóps um bættar starfsaðstæður í leikskólum (2019090628)

Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir, leikskólafulltrúi, kynnti skýrslu starfshóps um bættar aðstæður í leikskólum sveitarfélagsins.

Fræðsluráð þakkar starfshópnum fyrir vel unna skýrslu um bættar starfsaðstæður í leikskólum Reykjaneshæjar. Í skýrslunni koma fram margar gagnlegar tillögur sem eru til þess fallnar að styrkja hið frábæra starf sem unnið er í leikskólum Reykjaneshæjar enn frekar. Reykjaneshæjar, líkt og fjöldi annarra sveitarfélaga, hefur í mörg ár verið töluvert frá því að uppfylla lágmarksviðmið um mönnun leikskóla með fagmenntuðum einstaklingum. Fræðsluráð telur að til þess að leikskólar bæjarins verði áfram eftirsóknarverðir vinnustaðir fyrir þá sem þar starfa sem og eftirsóknarverðir vinnustaðir fyrir einstaklinga sem eru að leita sér að framtíðarstarfi sé fullt tilefni til að grípa til aðgerða í samræmi við tillögur skýrslunnar. Þau umbótatækifæri sem greind eru snúa að umhverfi leiksskólakennara, leiðbeinenda, stjórnenda í leikskólum sem og þeirra barna sem sækja leikskóla. Fræðsluráð mun fylgja því eftir að unnið verði að umbótum í leikskólastarfi á grunni skýrslunnar, ráðið leggur einnig áherslu á að skýrslan sem slík er ekki endapunktur í því verkefni að betrumbæta starfsaðstæður nemenda og starfsfólks í leikskólum heldur upphafspunktur.

### Starfsumhverfi leikskólabarna verði sambærilegt starfsumhverfi annarra nemenda í skólum Reykjaneshæjar

Fræðsluráð felur sviðsstjóra fræðsluviðs að útfæra tillögu 1 varðandi starfstíma leikskóla þ.e. að stefnt sé að því að vinnufyrirkomulag í leikskólum verði sambærilegra öðrum skólastigum, þá sérstaklega í grunnskólum. Fyrsta skrefið í því er að leikskólar bæjarins verða lokaðir á milli jóla og nýárs frá og með árinu 2020.

Handwritten signatures and initials: VBP, AS, and other illegible marks.



Lokunin skal ekki hafa áhrif á launakjör starfsfólks leikskólanna. Ekki skal innheimta leikskólagjöld þá daga sem leikskólar eru lokaðir.

Fræðsluviði/sviðsstjóra fræðsluviðs er falið að greina kosti og galla þess að loka leikskólum í dymbilviku líkt og gert er á öðrum skólastigum. Greiningin skal meðal annars ná utan um nýtingu á leikskólaplássum þessa daga, viðhorfi foreldra til þess að leikskólastarf sé skert að hluta eða öllu leyti í dymbilviku, viðhorf starfsfólks til lokunar að hluta eða öllu leyti í dymbilviku sem og kostnaðargreining.

### **Undirbúningstímar starfsfólks leikskóla**

Fræðsluráð felur sviðsstjóra fræðsluviðs að vinna að því í samráði við stjórnendur leikskóla Reykjanesbæjar að útfæra tillögur 3 og 4. Frá upphafi starfsárs 2020 skal undirbúningstími leikskólakennara og deildarstjóra vera aukinn frá því sem hann er í dag. Þessu til viðbótar skal vera búið að rýmka heimildir leikskólastjóra vegna yfirvinnugreiðsna fyrir undirbúning frá upphafi starfsárs 2020.

### **Barnagildisviðmið**

Fræðsluráð felur sviðsstjóra fræðsluviðs að kostnaðarmeta þær breytingar sem lagðar eru til í barnagildisviðmiðum í samræmi við tillögu 6.

Að auki skal framkvæma úttekt á hljóðvist hvers leikskóla, gefi úttekt tilefni til framkvæmda skulu þær kostnaðarmetnar og lögð fram umbótaáætlun.

### **Stuðningur við starfsfólk í leikskólakennaranámi**

Fræðsluráð leggur til að Reykjanesbær endurgreiði starfsfólki sínu sem stundar nám samhliða vinnu í leikskólakennarafræðum aðstöðu- og próftökugjald hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Fræðsluráð felur sviðsstjóra fræðsluviðs að leita samstarfs við fræðslustofnanir í Reykjanesbæ (Keilir og/eða MSS) með það að markmiði að bjóða upp á leikskólakennaranám í menntastofnunum bæjarins, eða aðstöðu til hópþjárnáms. Fræðsluráð skal upplýst um framgang í maí 2020.

Fræðsluráð felur leikskólafulltrúa að framkvæma viðhorfskönnun hjá ófaglærðu starfsfólki leikskóla, til þess að komast að því hvaða atriði yrðu hvatning fyrir því að hefja nám í leikskólakennarafræðum.

## **2. Leikskólavist fyrir börn yngri en 24 mánaða (2019120045)**

Fræðsluráð vill að fjármagn (fyrir húsnæði og rekstur) verði tryggt til stækkunar Hjallatúns auk eins leikskóla í Keflavíkurhverfinu, sem fræðsluvið gerir tillögu um, fyrir fjárhagsáætlunargerð ársins 2021. Einnig er lagt til að leikskólinn Völlur á Ásbrú nýti allt sitt húsnæði og að fjármagn verði tryggt í endurbætur á húsnæðinu ef þörf er á.

Í tengslum við minnisblað hagdeildar Reykjanesbæjar um ungbarnaleikskóla í Reykjanesbæ felur fræðsluráð leikskólafulltrúa að undirbúa erindisbréf fyrir faghóp sem hefur það að markmiði að greina ítarlega kosti og galla annars vegar ungbarnaleikskóla og hins vegar að setja á stofn ungbarnadeildir í núverandi leikskólum. Erindisbréfið skal lagt fyrir næsta fund fræðsluráðs.

Handwritten signatures and initials: VJS, 10K, RD, B20, VBP.





### 3. Skólanámskrár grunnskóla Reykjanesbæjar 2019 - 2020 (2019110218)

Fyrir fundinum liggja skólanámskrár grunnskólanna 2019 – 2020, almennur hluti.

Fræðsluráð staðfestir skólanámskrár grunnskóla Reykjanesbæjar fyrir skólaárið 2019 – 2020, almennan hluta.

### 4. Leiðbeinandi reglur um samskipti skóla og trúfélaga (2019050699)

Haraldur Axel Einarsson, grunnskólafulltrúi, kynnti drög að viðmiðunarreglum um samskipti leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila Reykjanesbæjar við trúar- og lífsskoðunarfélög.

Fræðsluráð samþykkir viðmiðunarreglurnar.

### 5. Heilsueflandi grunnskólar (2019050505)

Anna Sigríður Jóhannesdóttir, fulltrúi D-lista, lagði fram tillögu um að allir grunnskólar Reykjanesbæjar verði heilsueflandi grunnskólar til að efla geðheilsu og hreyfingu nemenda.

Fræðsluráð felur sviðsstjóra fræðslusviðs að skoða í samstarfi við lýðheilsufulltrúa Reykjanesbæjar og stjórnendur grunnskóla Reykjanesbæjar fýsileika þess að hver og einn grunnskóli bæjarins verði skilgreindur sem heilsueflandi grunnskóli. Fræðsluráð skal upplýst um niðurstöður skoðunarinnar þegar hún liggur fyrir.

### 6. Niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum (2019120047)

Helgi Arnarson, sviðsstjóri fræðslusviðs, fór yfir niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum í grunnskólum sveitarfélagsins haustið 2019.

Fræðsluráð Reykjanesbæjar

Reykjanesbær óskar Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og starfsfólki hans til hamingju með hátíðarsýninguna Fiðlarinn á þakinu. Kraftmikið og fórnúst starf allra sem að komu ber vott um þá fagmennsku og þann metnað sem lagður er í tónlistarkennsluna í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:40.

Anna Sigríður Jóhannesdóttir  
Valgerður Björk Pálsson  
Katrín Gæ Krúttámsdóttir  
Þjarni Páll Sveinsson  
Jóhanna Björk Sigurðsson